

Reykjavík, 4. desember 2001

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Félag heyrnarfræðinga hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229. mál, Heyrnar- og talmeinastöð. Fyrir hönd félagsins vil ég koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

- 37. gr. a. 2. Ef Heyrnar- og talmeinastöð er ætlað það forystuhlutverk sem ýjað er að í lögnum ber að skilgreina nánar hvað felst í hlutverkinu. Kveða verður nánar á um skyldur fagaðila utan stofnunarinnar og stjórnsýsluhlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar gagnvart þessum aðilum.
- 37. gr. a. 3. Fulltrúar í fagråd skulu **tilnefndir** af fagfélögum (heyrnarfræðinga og talmeinafræðinga og e.t.v. háls- nef- og eyrnalækna) og félögum neytenda (heyrnarskertra og heyrnarlausra annars vegar og fólks með talmein hins vegar). Skilgreina og löggilda þarf starfsheitin Heyrnartæknir, Heyrnarfræðingur og Hlustarstykkjasmíður.
- 37. gr. a. 4. Skilja verður að í fjárhagsramma hlutdeild ríkisins í heyrnar- og hjálpartækjum annarsvegar og starfsemi stofnunarinnar hinsvegar.
- 37. gr. a. 8. Samkvæmt hefð er gjaldtaka fyrir heyrnarrannsóknir á vinnustöðum háð samþykki atvinnurekenda. Reynslan hefur sýnt að sumir atvinnurekendur beinlínis neita að taka þátt í kostnaðinum eða hreinlega hafa ekki bolmagn til þess. Kanna þarf hvort haganlegast væri ekki að atvinnurekendur væru skyldaðir til að greiða nefskatt til þessa verkefnis til að koma í veg fyrir vanskil og þunglamalegar innheimtuaðgerðir.
- 37. gr. b. 2. **Kveðið skal** nánar á um menntunarskilyrði í reglugerð.
- Athugasemd við efstu málsgrein í athugasemdum á bls. 8: Þar stendur... “Er ákvæðinu ætlað að tryggja að neytendur **greiði svipað gjald** fyrir sambærileg tæki án tillit til þess hvort þau eru veitt af Heyrnar- og talmeinastöðinni eða rekstrarleyfishafa.” Nú eru heyrnartæki útveguð á HTÍ og álagningu haldið í lágmarki. Neytendur greiða sinn prósentuhluta og ríkið afganginn. Hjá einkarekinni heyrnarstöð er álagning fjáls á heyrnartæki og hugsanlega umtalsvert meiri en á HTÍ. Ef hlutur neytandans er svipaður þar og hjá HTÍ í heyrnartækinu þarf ríkið að greiða þessum einkaaðila mun stærri hlut en það greiðir fyrir heyrnartæki á HTÍ. Í ljósi þess hve erfiðlega hefur gengið að fá fjármagn til rekstrar HTÍ í gegnum árin væri heldur kaldranalegt að vita til þess að ríkið greiddi ofan í vasann á einkaaðilum úti í bæ í stað þess að efla þjóðþrífastofnun eins og HTÍ. Réttara væri því að ríkið greiddi ákveðinn styrk til kaupa á ákveðnum tækjum og neytendur greiddu síðan það sem upp á vantar.

Með vinsemd og virðingu.  
F.h. Félags heyrnarfræðinga,



Gylfi Baldursson, formaður